



29. október 2018

## Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

### Aðstöðuhús - þarfagreining vegna staðarvals

#### Inngangur

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur ekki haft fasta aðstöðu vegna starfsemi sinnar frá stofnun félagsins. Félagið hóf starfssemi sína árið 1955 og eru elstu skógarreitir félagsins orðnir yfir 60 ára gamlir. Þetta gamlir skógarreitir þarfnast mikillar umhirðu, ekki síst vegna mikillar notkunar þeirra sem útivistarsvæði fyrir íbúa Mosfellsbæjar og nágrennis. Vegna þessa er í senn aðkallandi og mikilvægt að félagið geti komið sér upp þeirri aðstöðu sem er nauðsynleg vegna starfseminnar. Þess má geta að aðstaðan verður unnin úr við úr skógarreitum félagsins í Hamrahlíð. Heildar stærð svæðanna sem félagið hefur samning um til skógræktar er um 400 ha.

Starfsemi félagsins er margþætt og má þar t.d. nefna; nýgróðursetningar, grisjun eldri skógarreita, umhirða göngustíga, jólatrjáasala, fræðsla og önnur starfsemi sem lýtur að útivistargildi skógræktarsvæðanna.

#### Þarfagreining

Þarfir félagsins hvað varðar húsnæði og útiaðstöðu er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Húsnæði fyrir stjórnarfundum og fundum hinna mismunandi vinnuhópa / starfsnefnda sem starfa innan félagsins, ásamt kaffiaðstöðu og salerni, ca 50 m<sup>2</sup>.
2. Sambyggð upphituð skemma undir tæki og tól félagsins og svo til þeirrar grófvinnu sem þarf að gerast innandyra, ca 100 m<sup>2</sup>. Skemman verður einnig nýtt undir stærri fundum, fræðslu og aðra viðburði sem félagið stendur fyrir.
3. Opið útiskýli til þurrkunar og geymslu á timbri og öðrum afurðum sem falla til við starfsemi félagsins, 70 til 100 m<sup>2</sup>.
4. Lóð undir áðurnefnt sem og útisvæði til söfnunar afurða og geymslu á þeim og tækjum á vegum félagsins, ca 0,5 ha.

Skógræktarfélagið hefur verið að skoða heppilegar staðsetningar fyrir aðstöðu félagsins og hafa nokkrir staðir komið upp í umræðunni. Þrjú mismunandi staðir hafa verið valdir til frekari skoðunar og eru þeir eftirfarandi; Hamrahlíð í Blikastaðalandi, Ævintýragarðurinn og Skarhólabraut vestan við göngustíginn upp á Úlfarsfell. Staðsetningar má sjá á meðfylgjandi uppdráttum frá DAP arkitektum. Staðirnir hafa verið skoðaðir og metnir út frá mismunandi

efnisatriðum eða eigindum og gefnar einkunnir á bilinu 1-5 þar sem 1 er lélegt eða lítið og 5 er gott eða mikið (tafla 1.). Efnisatriðum er skipt upp í þrjá flokka og er hverju atriði gefið hlutfallslegt vægi eftir mikilvægi. Byggingarkostnaður er sá sami á öllum svæðum og því er sá liður ekki hluti af þarfagreiningunni.

	Efnisatriði til skoðunar	Hlutfallslegt vægi (%)	Hamrahlíð	Ævintýragarðurinn	Skarhólabraut við göngustíg upp á Úlfarsfell
Praktísk atriði (flækjustígr)	Hnit (ISN93)		366.838 A	369.550 A	368.667 A
	Landeigandi	10%	408.366 N	410.461 N	408.665 N
	Landrými til framkvæmda	15%	2	2	5
	Lengd samnings	5%	3	1	1
	Nálægð við skógræktarsvæði	15%	5	1	5
Staðsetning	Tenging við útivistarsvæði	10%	5	5	4
	Truflun af starfsemi (Nálægð við íbúðarbyggð)	5%	5	3	5
	Aðgengi almennings (nálægð við íbúabyggð)	5%	3	5	3
	Aðgengi og vegtengingar	15%	4	3	3
Kostnaður	Fjarlægð í veitur	20%	3	5	4
	<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>3,50</b>	<b>3,35</b>	<b>4,10</b>

**Tafla 1. Staðir til skoðunar.** Staðir fá einkunnir eftir ýmsum efnisatriðum þar sem hvert atriði hefur hlutfallslegt vægi eftir mikilvægi. Einkunnir eru gefnar á kvarðanum 1-5 þar sem 1 er lélegt eða lítið og 5 gott eða mikið. Lokaeinkunn er síðan reiknuð út sem gefur hugmynd um hversu góður staðurinn er sem aðstaða félagsins.



29. október 2018

G.Oddur Víðisson, f.h. Dap arkitektar hefur unnið að þarfagreiningu ásamt því að koma að greiningu og mati á staðarvali vegna áforma Skógræktarfélags Mosfellsbæjar um uppbyggingu á aðstöðu fyrir félagið í Mosfellsbæ. Staðarvalið og þarfagreiningin tekur mið af helstu þáttum í rekstri félagsins, s.s. móttöku gesta, kynningarmálum, almennu félagsstarfi og nálægð við svæði sem gefa tækifæri á frekari uppbyggingu á skógrækt.

Mat vinnuhópsins með fulltrúum Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Mosfellsbæjar er að starfsemi félagsins sé best fyrir komið við Skarhólabraut, við rætur Úlfarsfells. Matið byggir m.a. á samanburði við aðrar staðsetningar sem til greina koma innan sveitarfélagsins eins og fram kemur að ofan ásamt því að vera í nálægð við vinsælt útivistarsvæði. Jafnramt gefur landsvæði í kringum þann stað gott tækifæri til frekari eflingar á skógrækt í sveitarfélaginu.

Fulltrúar í vinnuhópnum

Ólafur Melsted Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Tómas Guðberg Gíslason Umhverfisstjóri Mosfellsbæjar

Björn Traustason formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Ívar Örn Þrastarson varaformaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Gísli Jón Magnússon stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar og ritari starfshópsins